

Skólaþjónusta Árneshöfna

Könnun á framgöngu sameiginlegra markmiða skóla og skólaþjónustu 2014 - 2017

Niðurstöður kynntar skólustjórnendum í september 2017



Inngangur


Vorið 2014 settu skólar og skólaþjónusta í Árnesþingi sér markmið í skólamálum fram til ársins 2017. Markmiðin voru unnin í samvinnu við sveitarstjórnarfólk á svæðinu auk þess sem starfshópur skólastjórnenda og starfsmanna skólaþjónustu vann að útfærslu markmiðanna. Ákveðið var að á hverju vori myndi skólaþjónusta senda út rafræna könnun til skólastjórnenda til þess að kanna hvaða skref hafi verið stigin í skólustarfinu til þess að vinna að framgöngu markmiðanna.

Markmiðin eru fjögur:

1. Jákvæð sjálfsmynd, vellíðan og heilbrigði
2. Samfella milli skólastiga
3. Lestur
4. Einstaklingsmiðað nám og nýting tölvutækni


Í þessari skýrslu verður fjallað um hvert markmið fyrir sig og hvað verið er að gera í skólunum til þess að vinna að hverju og einu þeirra. Rafræn könnun var send á skólastjóra sem svöruðu spurningum og höfðu möguleika á að lýsa nánar því sem skólarnir hafa gert til þess að ná þessum settu markmiðum.

Pekking skólastjórnenda á sameiginlegum markmiðum skóla og skólaþjónustu Árneshöfða



10 skólastjórnendur segjast þekkja mjög vel markmið skólans og skólaþjónustu en 3 segjast þekkja markmiðin nokkuð vel og einn sæmilega.

Pekking starfsfólks skólans á sameiginlegum markmiðum skóla og skólaþjónustu Árneshöfða.



Skólastjórnendur telja þekkingu annarra starfsmanna skólanna á sameiginlegum markmiðum skóla og skólaþjónustu Árneshöfða ekki eins góða og hjá stjórnendum sjálfum. Enginn stjórnandi telur að sitt starfsfólk þekki markmiðin mjög vel, 12 nokkuð vel, 2 stjórnendur telja að starfsfólk sitt þekki sameiginleg markmið sæmilega og 1 illa.

Af þessu má sjá að það hefði mátt kynna enn betur þessi sameiginlegu markmið fyrir starfsfólki skólanna.

Jákvæð sjálfsmynd, vellíðan og heilbrigði

Markmiðið er að í lok þessa árs hafi sjálfsmynd nemenda og félagsþroski styrkst með markvissum aðgerðum og forvarnarstarfi. Stjórnendur segja frá margvíslegum þáttum í skólastarfinu sem stuðla eiga að jákvæðri sjálfsmynd, bættri líðan og heilbrigði. Það helsta sem fram kom í svörum stjórnenda var; gestafyrirlesarar s.s. Sigga Dögg með kynningu á kynheilbrigði og hjúkrunarfræðingur kemur inn í alla bekkir og ræðir heilbrigði almennt.


„Mín velferð“ með námskeið í 10. bekk. Náms- og starfsráðgjafinn Guðný María er mikið nefnd en hún hefur verið með mörg góð verkefni í vetur sem stuðla að jákvæðri sjálfsmynd, bættri líðan og heilbrigði. Umræður, hvatning, vináttuverkefni, útivist og hollar matarvenjur - mjög algengt er að unnið sé með þessar áherslur í lífsleikni í grunnskólunum og einnig kemur fram að unnið sé með hlutverkin samkvæmt „Uppeldi til ábyrgðar“.

Mjög margir skólastjórnendur nefndu ART, nokkrir leggja áherslu á útiveru og einnig hafa nokkrir skólar sett upp vinatengd verkefni á borð við vinaliðaverkefni, vinaviku og vinamánuð. Fram kemur að eitt sveitarfélag stefnir á að vera heilsueflandi samfélag og þar sé skólinn virkur þátttakandi.

Einnig var nefnt aukið nemendalýðræði með þátttöku í nemendabingum, samráði við nemendur vegna ýmissa verkefna í skólanum, m.a. tengdum Grænfánum, markviss leikjastjórnun eldri nemenda í frímínútum sem hvetur til hreyfingar, samvinnu og þátttöku nemenda, aukið vægi nemenda í ákvörðunum og mati á eigin námi, framsagnarþjálfun m.a. með þátttöku í Stóru- og Litlu-upplestrarkeppninni, þátttöku í árshátíð þar sem allir nemendur koma fram á sviði. Þá er verið að leggja aukna áherslu á samtöl við nemendur og foreldra sem er mjög jákvæð þróun.

Í leikskólunum er meðal annars unnið með vináttuverkefnið Blæ sem og grænfánaverkefnið er tengist vellíðan og heilbrigði.


Stjórnendur voru beðnir um að merkja við nokkur verkefni sem unnið væri markvissst með í skólastarfinu.



Áhugavert er að sjá hversu margir skólar eru að nota ART þjálfun til eflingar á þessum þætti og mætti jafnvel kanna nánar hvernig sú þjálfun fer fram þ.e. hvort farið sé í alla þætti þjálfunarinnar samhlíða, því rannsóknir hafa sýnt að árangur er mun meiri ef þess er gætt.

Samfella milli skólastiga – leik- og grunnskólar

Skólastjórnendur telja flestir að samvinna milli leik- og grunnskóla sé nokkuð góð og nefna í því sambandi sameiginlega tíma þar sem börn í elsta árgangi leikskólans koma í grunnskólann og eru í skipulögðu starfi með yngsta árgangi grunnskólans. Á einhverjum stöðum eru leik- og grunnskólabörnin saman í skólaseli og með sameiginlega tíma í íþróttahúsi. Þótt mikið sé um heimsóknir barna á milli skólastiga þá eru heimsóknir kennara á milli skólanna ekki eins tíðar og sameiginlegir fagfundir leik- og grunnskólakennara eru í 60% tilfella.




*Reglulegar heimsóknir kennara á milli skóla þar sem kennarar fylgjast með kennslu á hinu skólastiginu. *Gert er ráð fyrir samstarfi leik- og grunnskóla á skóladagatali eða í starfsáætlun. *Skilafundur milli leik- og grunnskóla vegna nemenda sem eru að hefja nám í grunnskóla. *Reglulegar heimsóknir nemenda á milli leik- og grunnskóla. *Sameiginlegir fagfundir kennara leik- og grunnskóla. *Gögn eins og t.d. TRAS og HLJÓM2 fylgja nemendum úr leikskóla í grunnskóla. *Samvinna er um skólanámskrá á milli leik- og grunnskóla. *Kennarar í leikskóla og 1. bekk funda reglulega um samstarf. *Boðið er upp á skólafærni fund eða kynningarfund fyrir foreldra barna sem eru að hefja nám í grunnskóla. * Samvinnuverkefni nemenda í leik- og grunnskóla. *Námsleg gögn eru og t.d. niðurstöður HLJÓM2 er nýtt við gerð kennsluáætlana í 1. bekk.

Einn grunnskólinn er með „leikskólaval“ á unglíngastigi þar sem nemendur geta valið að taka þátt í leikskólustarfinu tvær kennslustundir á viku. Þetta val er mjög vinsælt og eykur mjög samskipti leik- og grunnskólans.

Samfella milli skólastiga – grunn- og framhaldsskólar

Samfella milli grunn- og framhaldsskólans er einna helst í tengslum við nemendur sem stunda nám í einstökum greinum í framhaldsskólanum en öllum nemendum stendur það til boða. Allir skólarnir sem hafa 10. bekk bjóða upp á skipulagða fræðslu og ráðgjöf um námsval á framhaldsskólastigi. Með tilkomu náms- og starfsráðgjafa í uppsveitum og Flóa hefur þessi kynning eflst nokkuð.

Einhverjir grunnskólar fá heimsóknir/kynningar frá Fjölbrautaskóla Suðurlands og Menntaskólanum að Laugarvatni. 6 skólar af 7 taka sérstaklega fram að áhersla sé lögð á að funda með deildarstjóra sérkennslu/sérkennara framhaldsskólans vegna sérkennslunemenda eða í tengslum við nemendur sem sækja um á starfsbraut.




*Nemendur geta stundað nám í einstökum fögum í framhaldsskóla. *Nemendur fá skipulagða fræðslu um námsval í framhaldsskóla. *Nemendur fá ráðgjöf um námsval á framhaldsskólastigi. *Kennarar hafa vitneskju um efnistösk í fyrstu áföngum í framhaldsskóla. *Skólinn fylgir því eftir að gögn nemenda t.d. námslegar greiningar berist til framhaldsskóla. *Skóladagatal framhaldsskólanna á svæðinu er haft til hliðsjónar við gerð skóladagatala. *Skilafundur er vegna nemenda úr grunnskóla sem sækja um nám á starfsbraut.

Lestur

Í markmiðunum er miðað að því að formlegt lestarnám hefjist í leikskóla og byggt sé ofan á það í grunnskóla. Árið 2017 er ætlunin að meðaltal á lesskilningi á samræmdum prófum í grunnskóla og á HLJÓM2 hafi hækkað um að minnsta kosti 5%.

Áberandi var í svörum skólastjórnenda að lestrarstefna/læsisstefna væri í vinnslu í mörgum sveitarfélögum á svæðinu en 8 skólar af 15 eru komnir með virka lestrarstefnu. Skólarnir eru að vinna með margvísleg verkefni sem tengjast lestri. Í leikskólunum er það helst Lubbi nefndur, Tákn með tali, bókalestur, upplestur og ýmiskonar málörvunarefni. Í grunnskólunum er meðan annars unnið með lestrarátök ýmis konar eins og bókaskjóður sem fara heim með börnum í 1. – 4. bekk, skipulagðir yndislesturs tímar, Lesferill (námskeið fyrir nemendur sem eru undir viðmiðum, hraðlestrar námskeið í öllum árgöngum og framfarir mældar), sumarlestur í 1. – 6. bekk.




*Virkið lestrarstefna er til staðar í skólanum. *Skimanir eru reglulega til þess að finna nemendur með lestrarvanda. *Skipulögð stuðningskennsla er í lestri. *Leið til læsis er virkið í 1. – 4. bekk. *Nemendur í vanda eiga kost á LOGOS greiningu. *Skipulögð eftirfylgni vegna niðurstaðna einstaklingsgreininga. *Samvinna leik- og grunnskólakennara varðandi lestrarnám elstu barna í leikskóla og nemenda í 1. bekk. *HLJÓM2 er lagt fyrir alla elstu nemendur í leikskóla. *Niðurstöður úr HLJÓM2 eru nýttar í lestrarkennslu 1. bekkjar. *Ritmál er gert sýnilegt á elstu deildum leikskólans, *Lestrarátök eru reglulega í skólanum, *Þekking barna á bókstöfum og hljóðum þeirra er könnuð við lok leikskólanáms, *Þekking barna á bókstöfum og hljóðum þeirra er könnuð við upphaf skólagöngu í grunnskóla.

Einstaklingsmiðað nám og nýting tölvutækni

Markmiðið er að árið 2017 hafi verið stigin markviss skref í átt til einstaklingsmiðaðs náms og samvinnu nemenda. Einnig er markmiðið að upplýsingatækni verði samþætt öllu námi.

Hér skal þó nefna að einn skólinn af 15 svaraði ekki þessum atriðum þar sem talið var að það ætti ekki við en þó telst hann inni sem fimmtándi skólinn og því getur það aðeins skekkt tölur.



*Samkennsla árganga. *Teymisvinna kennara. *Skipulagt útinám á stundaskrá/dagskipulagi. *Unnið með áhugasvið og styrkleika nemenda á skipulagðan hátt. *Nemendur sem þurfa stuðningskennslu eru með virkar einstaklingsáætlanir. *Þráðlaust net er í skólanum. *Nemendur hafa aðgang að tölvum í skólanum. *Skólinn á spjaldtölvur og þær eru nýttar í kennslu með nemendum. *Kennarar hafa greiðan aðgang að tölvum og öðrum tæknibúnaði sem nýta þarf í kennslu.

Því miður eru færri skólar í ár sem segja að teymisvinna sé í skólanum, aðeins 8 af 15 en í fyrra voru það 10 skólar sem sögðust vera með teymisvinnu kennara. Einnig eru færri skólar sem segjast vera með skipulagt útinám á þessu skólaári, 8 skólar svara því nú en 9 í fyrra og mætti ef til vill skoða nánar hvort hægt væri að þróa útivist barnanna meira í átt að skipulögðu námi. Einn skóli hefur bæst við þá skóla sem segjast vera að vinna með áhugasvið og styrkleika nemenda á skipulagðan hátt en þetta má þó bæta en meira. Nánast allir skólarnir eru með virkar einstaklingsnámskrár fyrir nemendur sem þurfa stuðningskennslu og er það mjög jákvæð breyting þar sem að aðeins 10 skólar svöruðu því játandi í fyrra. Allir skólarnir (sem svöruðu) eru með þráðlaust og flestir skólarnir eiga spjaldtölvur og nýta þær í kennslu með nemendum. Aðeins fækkar þeim skólum sem veita nemendum aðgang að tölvum í skólastarfinu. 13 skólar af 15 svara því til að kennarar hafi greiðan aðgang að tölvum og öðrum tæknibúnaði sem nýta þarf í kennslu.

Það sem kom fram hjá skólastjórnendum í minni skólunum var að mikil áhersla væri lögð á samkennslu árganga og að hver nemandi fengi námsefni við hæfi óháð í hvaða bekk hann væri og að leitast væri við að námsefnið tegndist áhugasviði hvers og eins. Einnig kom fram að nemendum væri gefinn kostur á því að vinna verkefni á sínu áhugasviði, m.a. með stórum þemaverkefnum og þátttöku listgreinakennara í bekkjartímum. Einn stjórnandi sagði að nemendur á öllum skólastigum fengju kennslu í upplýsingatækni, bæði fingrasetningu og notkun tölva við upplýsingaleit, stuttmyndgerð og annað nám. Tölvuver væri í skólanum, tölvur í kennslustofum og nokkrar fartölvur væru til afnota fyrir nemendur, þá væru spjaldtölvur notaðar markvisst í námi, sérstaklega á miðstigi. Horft er til fjölbreyttari kennsluhátta. Aukin notkun á One Drive, spjaldtölvum og tölvum almennt. Einn skólinn er markvisst búinn að setja inn spjaldtölvur og segir frá því í könnuninni að allir nemendur í 8. bekk fái spjaldtölvu til eigin nota og að næsta haust veri allir nemendur í unglingadeild með spjald til eigin nota. Í sama skóla eru allir kennarar með eigin spjaldtölvu, að auki eru til 20 sjaldtölvur til afnota fyrir alla, 8 fartölvur eru til nota fyrir nemendur auk tölva í öllum stofum og tölvuveri.

Í könnuninni kom einnig eftirfarandi fram frá leikskóla: Börnunum er mætt þar sem þau eru stödd. Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir börn í sérkennslu. Börn á eldri deildum geta gengið í tölvur inn á deild í ritvinnsluforritið word þar sem þau fara eftir að skrifa til læsis. Á yngri deild er hlustað/horft á Lubba söngstundir og sungið með. Spjaldtölvur er mikið notaðar.

Annað sem þátttakendur vildu koma á framfæri

Skólastjórnendur sem svöruðu könnuninni gátu komið með athugasemdir varðandi framgang markmiðanna.

Almennt er mikil ánægja með þessi sameiginlegu markmið og finnst stjórnendum flestum að þau haldi utan um starfið í skólanum. Ánægja er með kennsluráðgjöfina sem veitt er og einnig virðast skólastjórnendur vera ángæðir með námskeiðið síðasta haust um fjölbreytta kennsluhætti og teymiskennslu. Þeir skólar sem tekið hafa upp teymiskennsluna finna aukna samvinnu og samábyrgð kennara.

Helstu niðurstöður

Allir skólastjórnendur að undnaskildum einum segjast þekkja markmið skólans og skólaþjónustunnar mjög vel og nokkuð vel. En þekking starfsfólks skólans á þessum markmiðum er þó ögn minni, skólastjórar í 12 skólum segja að starfsfólk sitt þekki markmiðin nokkuð vel, tveir sæmilega og einn illa.

Varðandi markmiðið um jákvæða sjálfsmynd, vellíðan og heilbrigði er ljóst að fjölmörg verkefni eru til staðar í skólum á svæði Skólaþjónustu Árnesþings. ART verkefnið er til dæmis í tólf skólum og flestir skólar með skipulögð verkefni sem tengjast þessu markmiði. Niðurstöður líðan könnunar vorið 2017 eru í heildina séð betri en árið áður og er það mjög jákvætt og vonandi hafa öll þessi flottu verkefni sem skólarnir eru að vinna með nemendum einhver áhrif á þessar niðurstöður. Einnig kemur fram í sömu könnun að nemendur í 5. bekk vorið 2017 hafa betri sjálfsmynd en nemendur í 5. bekk árið áður.

Samstarf leikskóla og grunnskóla virðist vera í nokkuð föstum farvegi. Allir skólarnir eru með skipulagða skilafundi milli leik- og grunnskóla þar sem að gögn eins og TRAS og HLJÓM2 fylgja nemendunum. Enn er frekar lítið um að kennarar fari í heimsóknir á milli skólastiga en það gerist aðeins í 6 skólum af 15. Allir skólarnir með reglulegar heimsóknir og 13 af 15 skólum gera ráð fyrir samstarfi á skóladagatali eða í starfsáætlun. Lítil samvinna er um skólanámskrá milli leik- og grunnskóla en aðeins 5 skólar nefndu það.

Allir nemendur grunnskólanna hafa kost á því að stunda nám í einstökum áföngum framhaldsskóla meðfram grunnskólanámi og einnig fá þeir allir skipulagða fræðslu og ráðgjöf um námsval í framhaldsskóla. Þeir skólar sem hafa 10. bekk segjast allir nema einn hafa þekkingu á inntaki fyrstu áfanga í framhaldsskólum. Aðeins fimm skólar fylgja því eftir að gögn nemenda berist til framhaldsskólanna en sex skólanna eru með skilafundi fyrir nemendur sem sækja um nám á starfsbraut. Ekki er mikið verið að skoða skóladagatal framhaldsskólans við gerð skóladagatala í grunnskólunum en þó í þremur skólum.

Margvísleg verkefni sem efla lestur virðast vera í gangi í öllum skólunum og er það ánægjulegt. Virk lestrarstefna er nú í 8 skólum svo að tveir hafa bæst í þann hóp frá því í fyrra. Markmið sem sett voru fram í upphafi verkefnisins -að meðaltal á lesskilningi á samræmdum prófum í grunnskóla og á HLJÓM2 hafi hækkað um að minnsta kosti 5% - náðust ekki.

Athygli vekur að aðeins 4 leikskólar kanna þekkingu barna á bókstöfum og hljóðum í lok leikskólanáms og er það sama niðurstaða og árið áður. Þörf er á að skoða þetta nánar sérstaklega í ljósi þess að í markmiðabæklingi verkefnisins er sérstaklega talað um þennan þátt en þar kemur eftirfarandi fram:

Árið 2017 hefur eftirfarandi markmiði verið náð: Formlegt lestrarnám hefst í leikskóla og byggt er ofan á það í grunnskóla. Meginþorri barna þekkir bókstafina og hljóð þeirra við lok leikskóla (Markmið skóla og skólaþjónustu í Árnesþingi 2014-2017. bls. 6).

Í tengslum við þáttinn Einstaklingsmiðað nám og nýting tölvutækni kemur m.a. fram að 8 af 15 skólum hafa markvissa teymisvinnu kennara og er það tveimur skólum minna en í síðustu könnun. Þetta þykir svolítið sérstak í ljósi þess að allir grunnskólarnir tóku mjög virkan þátt í haustnámskeiðinu „Fjölbreyttir kennsluhættir og nemendamiðað nám“ sem haldið var haustið 2016 en mikið og almenn ánægja var með þetta námskeið. Jákvætt er að allir skólarnir eru með þráðlaust net og allir kennarar skólanna utan eins hafa greiðan aðgang að tölvum og öðrum tæknibúnaði sem nýta þarf í kennslu. 8 skólar eru með skipulagt útinám á stundaskrá/dagsskipulagi og er þetta fækkun um einn skóla frá því í fyrra. Nauðsynlegt er að huga að því að auka þennan þátt þar sem reynslan hefur sýnt að nemendur geti lært meira og betur ef þeim býðst vönduð útikennsla samhliða annarri kennslu. Allir skólar í Árnesþingi hafa einstakt útivistarsvæði í sínu umhverfi sem áhugvert væri að yrði nýtt betur á markvissari hátt. Aðeins 9 skólar af 15 segjast vinna með styrkleika og áhugasvið nemenda og telst varla viðundandi. Varðandi tölvunotkun nemenda og spjalddölvur í skólastarfi þá er mun algengara að nemendur í grunnskólanum fái góðan aðgang að tölvum en spjalddölvunum er að fjölga á báðum skólastigum og er það jákvæð þróun. Nú eru fleiri skólar að vinna virkar einstaklingsáætlanir til handa þeim nemendum sem þurfa stuðningskennslu og er það mjög ánægjulegt að sjá.